

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 100/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Drífu Hraunfjörð Hugadóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða hreppnum 172.476 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 15, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrir í dag. Þess er þó að geta, að hús stefndu er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

D ó m s o r ð:

Stefnda, Drífa Hraunfjörð Hugadóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 172.476 krónur með dráttarvöxtum

samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu, Hafnargötu 15, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 172.476 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Pegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Drífa Hraunfjörð Hugadóttir, kt. 230349-3209, Hafnargötu 15, Vogum, Vatnsleysuströnd.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 172.476 auk [nánar tiltekinna ársvaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 15 við Hafnargötu í Vogum, Vatns-

leysustrandarhreppi, sem samkvæmt gatnaskrá Vatnsleysustrandarhrepps er þinglýst eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefndu var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnar-götu 15 er 508 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 172.476. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur.“

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Svönu Einarsdóttur, bls. 646-650 að framan.]

D ó m s o r ð:

Stefnda, Drífa Hraunfjörð Hugadóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.